Jamestown

– strandið í Höfnum 1881

Í aftakaveðri á hvítasunnudag 26. júní 1881 rak gríðarlega stórt seglskip á land í Höfnum. Skipið virðist hafa reikað um höfin sem mannlaust draugaskip í um fjóra mánuði. Sem betur fer náðist að bjarga allri áhöfninni á hafi úti en svo virðist sem stýrisbúnaður skipsins hafi bilað.

Skipið Jamestown kom frá Boston og var gríðarstórt. Skipið var þrímastrað og þriggja þilfara, það var með stærstu skipum 19. aldar. Skipið hefur verið um 4000 tonn að þyngd og ríflega 70 metrar að lengd. Til gamans má geta að lengd fótboltavalla eru á bilinu 100 til 110 metrar.

Skipið var á leið frá Boston með mikinn timburfarm sem nota átti undir járnbrautateina í Bretlandi. Talið er að um 100 þúsund plankar hafi verið í skipinu. Skipið brotnaði í spón í óviðri miklu sem gekk yfir landið í september sama ár. Timbrið og annað brak úr skipinu þakti um 4 km af strandlengjunni.

Málverkið *The Great Wave* sýnir þrímastra skip svipað og skipið Jamestown var.

Allt þetta eðaltimbur kom sér einkar vel fyrir fólkið á svæðinu en mikið af timbrinu var selt og nýtt til húsasmíða. Húsakostur lagaðist því töluvert með þessu góða timbri og má leiða líkur að því að heilsa íbúa hafi einnig batnað.



Auglýsingar.

– Hinn 26. júní þá rak upp á sker eða flúðir fyrir framan Stafnes í Rosmhvalaneshreppi innan Gullbringu- og Kjósarsýslu stórt barkskip þrímastrað, fermt með trjávið, borð og planka. Á skipinu voru engir menn, og menn ætla, að skipshöfnin muni hafa yfirgefið það fyrir nokkuð löngu síðan. Aptan á skipinu var nafnið „Jamestown“ og enn fremur voru þar með máðu letri tvö orð, er sýndust vera:„Boston Mond“. Björgun hefir fram farið að tilhlutun yfirvaldsins, og hið bjargaða ásamt skipsskrokknum, er hafði brotnað, þegar hann lenti á skerinu, hefir verið selt við opinbert uppboð. Eigandi vogreks þessa innkallast því hér með samkvæmt lögum um skipaströnd 4. jan. 1876, 22. gr., til þess innan árs og dags að segja til sín og sanna eignarrétt sinn fyrir amtmanninum í Suðuramtinu, og missi ella rétt sinn í þessu tilliti. Íslands suðuramt, Reykjavík 27. ágúst 1881. Bergur Thorberg.
Þjóðólfur 18. september 1881, 21. tölublað. s.86

Hið mesta happ fyrir öll Suðurnes

Strand þetta hefur haft mikil áhrif á líf Suðurnesjafólks og áhrifin teygðu sig enn lengra með sölu timbursins.

Þorvarðarhús í Keflavík.

Enn standa hús sem byggð eru með við úr Jamestown-strandinu. Sem dæmi má nefna Þorvarðarhús við Íshússtíg í Keflavík og Efra-Sandgerði.

Viðurinn lifir ekki bara í húsakynnum heldur einnig í tónlistarflutningi hér á landi. Hljóðfærasmiðurinn Jón Marinó, fæddur og uppalinn Keflvíkingur, hefur smíðað þó nokkuð af strengjahljóðfærum. Hann notar ávallt viðarbút úr Jamestown-farminum, sem honum áskotnaðist, í hljóðfæri sín.

„Eins og þetta mikla strand er og verður fáheyrt, ekki aðeins hér sunnan lands, heldur í landssögunni, að annað eins timbur hafi komið á einum stað af einu skipi, eins og þetta, má kalla hið mesta happ fyrir öll Suðurnes og nærliggjandi hreppa, sem Drottinn allsherjar rétt hefir mönnum upp í hendur án mikillar fyrirhafnar eða kostnaðar, og án þess að neinar slysfarir hafi þar af orsakast eða tjón.“ -Rauðskinna, 1929.